



Alþingi
Erindi nr. P 127/269
komudagur 28.11.2001

SAMKEPPNISSTOFNUN

Málsnúmer/bréfalykill

Nefndasvið Alþingis,
heilbrigðis- og trygginganefnd,
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Reykjavík 27. nóvember 2001

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis hefur óskað álits Samkeppnisstofnunar á því hvort lögfesting á nýrri málsgrein í lögum um heilbrigðisþjónustu girði fyrir beitingu samkeppnislaga í heilbrigðisþjónustu. Ákvæði þetta kemur fram í 1. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar og hljóðar svo:

„Ráðherra markar stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.“


Af ákvæðinu og athugasemdum með því má ráða að tilgangur þess sé að veita ráðherra heimildir til að grípa til aðgerða til að tryggja að heilbrigðisyfirvöld en ekki t.d. læknar eða aðrar heilbrigðisstarfsstéttir stýri innkaupum og veitingu heilbrigðisþjónustu sem greidd er af almannafé. Samkeppnisstofnun fær ekki sé að þetta ákvæði komi í veg fyrir beitingu samkeppnislaga í atvinnustarfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu. Hér er um að ræða almennt orðað heimildarákvæði og það leiðir af lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins að allar ákvarðanir byggðar á því verða að vera í samræmi við lög, þ.m.t. samkeppnislög. Ráðstafanir sem byggja á þessu ákvæði, verði það að lögum, geta hugsanlega komið til skoðunar samkeppnisyrivalda á grundvelli, t.d. 2. mgr. 5. gr. og b-liðs 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, eftir atvikum hverju sinni. Í því sambandi er þó rétt að taka fram að Samkeppnisstofnun telur að hlutlægar og málefnalegar ráðstafanir sem miða að því að takmarka kostnað hins opinbera af heilbrigðisþjónustu eða lúta að ákvörðunum um hvort eða hve mikið sé keypt af tiltekinni þjónustu myndu almennt séð ekki fara gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Auk þess að óska eftir umsögn Samkeppnisstofnunar um 1. mgr. 1. gr. frv. hefur heilbrigðis og trygginganefnd vakið athygli stofnunarinnar á a- og h-liðum 4. gr. þess en í þeim felast breytingar á lögum um almannatryggingar. Í fyrri liðnum er kveðið á um að fyrir hvert viðtal á læknastofu vegna almennrar læknishjálpar utan sjúkrahúss greiði sjúkratryggður einstaklingur gjald samkvæmt gjaldskrá ráðherra. Fljótt á litið virðist sú breyting felast í ákvæðinu að sjúkratryggðir einstaklingar muni borga samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin verður af ráðherra, verði frv. að lögum, í stað þess að greiða gjald sem birt er í reglugerð samkvæmt gildandi lögum. Ekki fæst séð að sá

Rauðarárstígur 10
Pósthólf 5120
125 Reykjavík
Sími: 552 7422
Bréfasími: 562 7442
www.samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is
Kt. 680269-5569

efnismunur felist í breytingunni að hún breyti samkeppnisaðstæðum eða í henni felist samkeppnisleg mismunun. Sama sjónarmið gildir um h-lið 4. gr. frv. end verði ráðstafanir byggðar á ákvæðinu, ef það kemur til framkvæmda, hlutlægar og málefnalegar.

Virðingarfyllst,
Samkeppnisstofnun


Guðmundur Sigurðsson